



Alþingi, nefndasvið

Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK


Reykjanesbær 18. desember 2019

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034. Lagt fram á 150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 599 — 435. mál.

Í ágúst árið 2013 fóru rúmlega 12 þúsund ökutæki um Reykjanesbraut á sólarhring samanborið við tæplega 20 þúsund í ágúst mánuði 2019. Stöðug aukning var á umferð um Reykjanesbraut út árið 2018 en á árinu 2019 hefur hún dregist lítillega saman, sem skýrist að mest af fækkun farþega um Keflavíkurlflugvöll sem að öllum líkindum er tímabundin.

Frumvarpi að nýrri samgönguáætlun 2020-2034 gerir ekki ráð fyrir markverðum framkvæmdum fyrr en á árunum 2025-2029 þegar farið verður í tvöföldun frá Fitjum að Rósaselstorgi og breikkun aðskilnað akstursteftna við Krísuvíkurveg - Hvassahraun.

Á Reykjanesbraut
hefur umferð
nærri tvöfaldast á
sex árum



Einnig er nauðsynlegt er að ráðast í löngu tímabærar viðhaldsframkvæmdir á þjóðvegnum að Suðurnesjabæ auk þess sem breikka þarf veginn á milli bæjarkjarnanna.

Stjórn S.S.S. hvetur stjórnvöld til að flýta tvöföldun Reykjanesbrautar og huga að öryggi vegtenginga að nærliggjandi bæjarfélögum.

Virðingarfyllst,

f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Berglind Kristinsdóttir

Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri.